

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

25. fundur.

að Hlíðavegi 6, 30.10. 2003, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Gatnagerðargjöld.
3. Erindi Jóns Illugasonar varðandi ábúð á Bjargi.
4. Málafni Höfða.
5. Erindi starfsmanna Skútustaðahrepps vegna árshátíðar.
6. Brunavarnaáætlun fyrir starfssvæði slökkviliðs Skútustaðahrepps.
7. Landgræðslumálafni.
8. Málafni hitaveitu.
9. Húsnæðiskönnun.
10. Samningur um Náttúrustofu.
11. Bygging leikskóla.

Til kynningar:

- a) Skipulagsbreyting vegna fuglasafns,
- b) Bréf sveitarstjóra til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- c) Bréf Hótel Reyhliðar um sölu veitinga í Grunnskólanum í Reykjalíð.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson. Kristján Stefánsson boðaði fjarveru vegna starfa sinna og tekur Þuríður Snæbjörnsdóttir sæti hans.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund. Birkir og Böðvar óskuðu eftir að málum 8 og 9 yrði bætt á dagskrá og oddviti að málum 10 og 11 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Gatnagerðargjöld.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi drög að samþykktum að gatnagerðargjöldum:

Samþykkt um gatnagerðargjald í leigulandi Skútustaðahrepps í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í leigulandi Skútustaðahrepps í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt þessari.

Framangreint gjald er, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og er aðfarahæft skv. 10.tl. 1. mgr. 1.gr. laga um aðför nr. 90/1989.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

3. gr.

*Greiða skal **Kr. 1.000,-** í gatnagerðargjald fyrir hvern fermetra lóðar hvernar tegundar sem lóðin er. Að auki greiðist eftirfarandi fyrir hvern brúttófermetra í húsum skv. eftirfarandi:*

3.a: *Hús á einbýlishúsalóðum: **Kr 1.200,-***

3.b: *Hús á parhúsa- og raðhúsalóðum: **Kr. 1.000,-***

3.c: *Hús á fjölbýlishúsalóðum: **Kr. 700,-***

3.d: *Hús á atvinnu- og iðnaðarhúsalóðum: **Kr. 1.000,-***

3.e: *Hús á verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðum og öðrum, sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar: **Kr. 2.000,-***

Liggi ekki fyrir teikningar að byggingu þegar úthlutað er lóð samkv. liðum 3.a - 3.g hér að framan, skal reikna út gatnagerðargjald samkvæmt áætlaðri stærð húsbýggingar eða hámarks nýtingarhlutfalli lóðar skv. viðkomandi deiliskipulagsskilmálum. Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við endanlegt brúttó gólfplatarmál.

Einingarverð hér að ofan eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í janúar 2003 (278,0 stig) og reiknast á hverjum tíma til samræmis við gildandi byggingarvísitölu.

4. gr.

Ef byggt er við hús skal greiða gatnagerðargjald fyrir hvern fermetra viðbyggingar skv. liðum 3.a - 3.e. Gatnagerðargjald verður ekki endurgreitt sé hluti húss fjarlægður.

Ef lóð er stækkuð að ósk lóðarhafa greiðist gatnagerðargjald vegna aukningar lóðarstærðar til samræmis við 3. gr. Ekki verður endurgreitt ef lóð minnkar.

Ef lóðarhafi rifur gamalt hús eða flytur af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð skal greiða gatnagerðargjald af því flatarmáli nýja hússins sem er umfram flatarmál eldra húss. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt á sömu lóð. Ekki verður endurgreitt sé nýja húsið minna en það eldra. Þegar hús er flutt af einni lóð yfir á aðra skal greiða af því gatnagerðargjald á hinn nýju lóð.

5. gr.

Ef veitt er leyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk sbr. 3. gr., þá skal húseigandi greiða mismun gatnagerðargjalds af hinu breytta húsnæði og lóð fyrir og eftir breytinguna. Færist hús hinsvegar í lægri gjaldflokk við breytingu á húseigandi ekki rétt á endurgreiðslu þess vegna.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

- | | |
|---|-------------|
| 1. Við lóðarúthlutun gatnagerðargjalds | 20 % álagðs |
| 2. Við útgáfu byggingarleyfis gatnagerðargjalds | 30 % álagðs |
| 3. Við fokheldi mannvirkis gatnagerðargjalds | 50 % álagðs |

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalda skv. 1. tl. og tl. 2. tl hér að framan, skal inna af hendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun eða útgáfu byggingarleyfis og öðlast lóðarúthlutun eða byggingarleyfi ekki gildi fyrir en á greiðsludegi.

Sveitarstjórn getur frestað innheimtu 3. greiðslu gatnagerðargjalds um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fokhelt. Sé hús tekið í notkun áður en fokheldisstigi er náð, gjaldfellur gatnagerðargjald við upphaf notkunar.

7. gr.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald, nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt grafrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa.

Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Skútustadahreppur skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

Sveitarstjórn getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi samkvæmt sérstökum greiðslusamningi sem kveður á um skilmála og greiðslukjör.

Sveitarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingarfalli ekki undir ákvæði samþykktar þessarar.

9. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. nóv. 2003, og falla þá úr gildi eldri samþykktir um sama efni.

Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á mannvirkjum á íbúðarhúsalóðum, skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald samkvæmt 3. grein, en þó einungis á grundvelli gólfplatarmálshluta gatnagerðargjaldsins.

Frestað til næsta fundar.

3. Erindi Jóns Illugasonar varðandi ábúð á Bjargi.

Í bréfi Jóns er óskað eftir að sveitarstjórn mæli með að hann verði skráður ábúandi að Bjargi.

Í kjölfar bréfs Jóns barst bréf frá Sigfúsi Illugasyni dags 29. okt., en Sigfús er eigandi að 25% eignahlut í jörðinni Bjargi (Jón 75%), þar sem Sigfús óskar eftir að ákvörðun sveitarstjórnar verði frestað í ljósi þess að honum hafi ekki

verið kunnugt um umsókn Jóns og að hann hafi ekki haft tækifæri til að ræða við Jón vegna fjarveru hans.
Samþykkt að verða við óskum Sigfúsar.

4. Málefni Höfða.

Sigurður Skúlason og Brynjar Skúlason skoðuðu Höfða að beiðni sveitarstjórnar. Þeir skiluðu eftirfarandi minnisblaði um heimsókn sína í Höfða:

Akureyri 24. október 2003

Minnisblað

Skógurinn í Höfða í Mývatnssveit skoðaður af Brynjari Skúlasyri og Sigurði Skúlasyri 20. október 2003.

Aðgengi og stígar eru til mikillar fyrirmyndar.

Umhirða skógarins er afar góð og betri en gengur og gerist í almennri skógrækt.

Þar sem um eins konar almenningsgarð er að ræða er hér gert ráð fyrir að eftirfarandi atriði skipti miklu máli:

- Geta tekið á móti miklum fólksfjölda án þess að landspjöll hljótist af
- Gott aðgengi fyrir sem flesta
- Skjól gott svæði
 - Fjölbreytni í gróðurfari og litadýrð
 -

Í skógarumhirðunni mætti hafa eftirfarandi í huga:

- Fallegum og sérstökum trjám þarf að gefa rými til að þau fái notið sín. Þetta á bæði við um stór eldri tré og falleg yngri tré sem þurfa pláss til að myna stóra trjákrónu og virkilega njóta sín síðar
- Gæta þarf að halda aldursdreifningu í skóginum, ekki síst þar sem birki og reyniviður eru aðal tegundir.
- Á nokkrum stöðum eru grúppur með sigrænum trjám. Þar þarf víða að hreinsa kjarr og lauftré til að þessar grúppur fái notið sín og á öðrum stöðum þarf að fjarlægja einstök aðþrengd barrtré sem hafa orðið fyrir skemmdum.
- Fjarlægja undirmálstré í lerkiskógi að norð-vestan.
- Gefa greni betra pláss t.d. hjá vegi við einkalód.
- Grisja burt undirmálstré og toppskemmd tré í lerkni uppi við hæðina að norðan og reyndar beggja vegna göngustígs.
- Gæta betur að skilja ekki eftir háa stubba og greinarstúfa þar sem verið er að fjarlægja tré og greinar.
- Þar sem rjóður myndast, t.d. við grisjun, mætti með markvissum hætti bæta inn nýjum trjátegundum til að auka fjölbreytni svæðisins enn frekar.

Hvergi er þörf á sérstöku grisjunarátaki heldur fremur að halda áfram umhirðu hér og þar eins og greinilega hefur verið gert hingað til.

Brynjar Skúlason

Sveitarstjórn vísar frekari ákvörðunum um málefni Höfða til gerðar fjárhagsáætlunar.

5. Erindi starfsmanna Skútustaðahrepps vegna árshátíðar.

Samþykkt að verða við erindinu og greiða kr. 1.000- af hverjum miða árshátíðargesta.

6. Brunavarnaáætlun fyrir starfssvæði slökkviliðs Skútustaðahrepps.

13 grein laga um brunavarnir segir:

"Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem

fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim."

Rætt var um áætlunina eins og hún liggur fyrir fundinum. Ljóst er að slökkviliðsstjóri hefur unnið mikið og gott verk við samningu áætlunarinnar. Í áætluninni kemur fram framkvæmdaáætlun sem ekki hefur fengið umræðu í sveitarstjórn og er ekki á þriggja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins að öðru leyti en því að búnaði slökkviliðsins hyggst sveitarstjórn að sjálfsögðu halda við og auka eftir því sem þurfa þykir hverju sinni og fjárhagsáætlun segir til um. Um byggingu slökkvistöðvar hefur hins vegar engin ákvörðun verið tekin.


Ákveðið að óska eftir að slökkviliðsstjóri mæti á fund sveitarstjórnar á næstunni.

7. Landgræðslumálefni.

Á fundi sveitarstjórnar og Landgræðslunnar í ágúst s.l. bentu fulltrúar Landgræðslunnar á nauðsyn þess að afmarka beitarsvæði á Austurfjöllum ef bændur ættu að eiga möguleika á gæðavottun. Landgræðslan taldi æskilegt að frumkvæði um slíkt kæmi frá heimamönnum. Enn fremur kom fram að Landgræðslan væri tilbúin til kostnaðarþátttöku. Sveitarstjórn beinir því til landbúnaðarnefndar Skútustaðahrepps að kanna hug landeigenda og landnotenda til þessa máls.

8. Málefni hitaveitu.

Á dögnum birtist frétt í Morgunblaðinu þar sem fram kom að Hitaveita Reykjahlíðar væri með dýrustu hitaveitum landsins samkv. útreikningum Orkustofnunar. Sveitarstjóri hafði þegar samband við Orkustofnun þar sem útreiknaður kostnaður stofnunarinnar var ekki í nokkru samræmi við útsenda reikninga hitaveitunnar. Við nánari athugun kom í ljós að Orkustofnun studdist við gjaldskrá frá 1991. Síðan þá hefur gjaldskráin verið lækkuð, síðast í ársbyrjun 1997. Hins vegar mun hafa láðst að fara rétt að um birtingu gjaldskráanna og þarf þar úr að bæta. Hitt er ljóst að enginn notenda veitunnar hefur orðið fyrir tjóni þar sem um lækkanir hefur verið að ræða. Eftir að Orkustofnun hafði fengið réttar upplýsingar breyttist myndin verulega hvað Hitaveitu Reykjahlíðar varðar og fleiri veitur jafnframt. Ný tafla Orkustofnunar fer hér á eftir og eins og sjá má er húshitunarkostnaður í Skútustaðahreppi heldur í lægri kantinum miðað við það sem tíðkast í landinu.



Lögfræðistofan Logos hefur tekið að sér að skila álitum um stöðu Hitaveitu Reykjavíðar í deilumáli við landeigendur í Vogum. Endanlegum frágangi af hálfu lögfræðinganna er ekki lokið, en mun ljúka á næstunni að sögn forsvarsmanns Logos.

9. Húsnæðiskönnun.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga tók að sér að gera könnu á þörf fyrir íbúðahúsnæði í Skútustaðahreppi. Samkvæmt upplýsingum Tryggva Finnssonar hefur vinna við gerð könnunarinnar ekki hafist enn vegna anna við önnur verkefni. Þess er að vænta að vinna við verkefnið hefjist innan skamms.

10. Samningur um Náttúrustofu.

Eftirfarandi drög að samningi eru lögð fyrir sveitarstjórn Skútustaðahrepps og mun samningur verða undirritaður í næstu viku ef ekki eru gerðar athugasemdir við þessi drög:

Samningur milli Húsavíkurbæjar, Skútustaðahrepps og umhverfisráðuneytisins um stofnun og rekstur Náttúrustofu Norðausturlands
DRÖG

Sveitarfélögin Húsavíkurbær og Skútustaðahreppur, hér eftir nefnd rekstraraðilar og umhverfisráðuneytið gera með sér eftirfarandi samning um stofnun og rekstur Náttúrustofu Norðausturlands:

1. Náttúrustofa Norðausturlands starfar í samræmi við lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, sbr. lög nr. 92/2002.
2. Náttúrustofa Norðausturlands mun óska aðildar að Samtökum náttúrustofa, SNS við stofnun, en samtökin vinna að sameiginlegri uppbyggingu náttúrustofa á Íslandi.
3. Náttúrustofa Norðausturlands, kt. 430903-3570 hefur aðsetur á Húsavík, en getur þó haft starfssstöðvar víðar ef rekstraraðilar og stjórn stofunnar koma sér saman um það.

Starfssvæði Náttúrustofu Norðausturlands er frá Ólafsfirði í vestri á Langanes, nánar tiltekið það svæði sem tilheyrði Norðurlandskjördæmi eystra eins og mörk kjördæmisins voru fram til 2002.

4. Náttúrustofan hefur það markmið að byggja upp þekkingu og rannsóknir á starfssvæðinu og fá öll sveitarfélög á því svæði til samstarfs.
5. Um hlutverk Náttúrustofu Norðausturlands vísast til 11. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.
6. Ábyrgð á rekstri og starfsemi Náttúrustofu Norðausturlands er hjá sveitarfélögunum sem gert hafa samning um rekstur hennar, þó þannig að fjárhagsleg ábyrgð á rekstri stofunnar er alfarið hjá Húsavíkurbæ. Sveitarfélög sem eru aðilar að rekstrinum, eiga og reka Náttúrustofuna með stuðningi ríkisins. Eignir og verkefnaval Náttúrustofunnar eru þó undir hennar stjórn og umsjón.
7. Náttúrustofunni er heimilt að vinna verkefni utan síns starfssvæðis og veita öðrum sveitarfélögum en þeim sem að rekstri hennar standa þjónustu, enda komi fyrir greiðsla samkvæmt gjaldskrá sem stjórn Náttúrustofunnar setur.

Náttúrustofan skal skila fyrir lok apríl ár hvert skýrslu til ráðherra og rekstraraðila um starfsemi sína næstliðið ár, nýtingu fjármagns og ársreikningi.

8. Umhverfisráðuneytið skal funda reglubundið, en þó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti, með forstöðumönnum náttúrustofa, formönnum stjórna náttúrustofa, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Á þessum fundi skal farið er yfir þau verkefni sem ofangreindar stofnanir hafa falið náttúrustofum á grundvelli d. og e. liðar 11. gr. laga um

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og samstarf þessara stofnana, eins og getið er um í 9. gr. sömu laga.

9. Umhverfissráðuneytið mun greiða Náttúrustofu Norðausturlands 2,5 m.kr. sem fékkst á fjárlögum ársins 2003 til undirbúnings stofnunar Náttúrustofunnar. Jafnframt mun umhverfissráðuneytið beita sér fyrir því að sama fjárveiting fái til rekstrar Náttúrustofu Norðausturlands á fjárlögum ársins 2004 sem fer til rekstrar annarra náttúrustofa, en skv. frumvarpi til fjárlaga ársins 2004 eru það 7,7 m.kr. Þessi upphæð hækkar sem nemur verðlagsbreytingum sbr. forsendur fjárlaga hverju sinni. Framlög ríkisins skv. samningi þessum eru ákveðin með fyrirvara um samþykkt Alþingis á fjárlögum hverju sinni. Rekstraraðilar Náttúrustofunnar munu leggja fram a.m.k. 30% af framlagi ríkissjóðs til reksturs stofunnar á hverju ári.

Samningur þessi er gerður á grundvelli 9. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur með síðari breytingum og gildir til ársloka 2008. Heimilt er báðum aðilum að óska eftir endurskoðun á samningnum á samningstímanum. Í slíkum tilvikum er samningurinn uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, XXX. október 2003

Umhverfissráðuneytið,

Húsavíkurbær,

Skútustaðahreppur,

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að undirrita samninginn.

11. Bygging leikskóla.

Samkvæmt upplýsingum frá hönnuðum leikskólabyggingar gengur allt eftir áætlun, en stefnt hefur verið að því að útboðsgögn verði tilbúin um áramót og leikskólabyggingin þá boðin út og framkvæmdir hafnar næsta vor. Þannig standa allar fyrri ákvarðanir um leikskólabyggingu óhaggaðar

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Þuríður Snæbjörnsdóttir,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.